

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Reykjavíkurveg 76, 78 og 80 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 15. febrúar 2006, breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurveg 76, 78 og 80 vegna tengibyggingar milli húsa. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 29. júní 2006.

F.h. Málfríðar Kristjánsdóttur arkitekts,

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2006